

Umbótaáætlun leikskólans Skerjagarðs

YTRA MAT



Leikskólinn
SKERJAGARÐUR
-fullur af lífi & fjöri

Umbótaáætlun vegna ytra mats 2017
REYKJAVÍKURBORG | LEIKSKÓLINN SKERJAGARÐUR BAUGANESI 13.

Ytra mat

Í desember 2017 gerðu starfsmenn skrifstofu skóla- og frístundasviðs úttekt á starfssemi leikskólans Skerjagarðs Bauganesi 13. Þeir þættir sem voru metnir eru stjórnun, uppeldis- og menntastarf, leikskólabragur, mannauður og innra mat. Niðurstöður úttektar voru settar saman í skýrslu sem var birt opinberlega í janúar 2018. Í skýrslunni eru settir fram styrkleikar leikskólans og tækifæri til umbóta. Leikskólinn fékk það verkefni að vinna umbótaáætlun í kjölfarið og er þessi skýrsla yfirlit yfir umbætur sem fara fram á næstu misserum í leikskólanum.

Þátttaka hagsmunaaðila í gerð umbótaáætlunar

Kennarar og starfsmenn fóru yfir niðurstöður ytra mats á starfsdegi 12. janúar 2018. Þar var farið yfir þau atriði sem voru tillögur til umbóta. Foreldraráð fór yfir niðurstöðu matsins með leikskólastjóra.

Matsteymi

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum tóku saman niðurstöður og unnu út frá þeim umbótaáætlun.

Mikill ánægja var í starfsmannahópnum með niðurstöður ytra matsins. Atriði sem voru til umbóta voru tekin fyrir strax og bætt eða sett í ferli.

Það er gott og lærdómsríkt að fara í gegnum ytra mat og gaman að fá staðfestingu á okkar góða starfi. Það er áskorun og stefna okkar að markvisst auka gæði náms- og starfs í leikskólanum Skerjagarði.

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
1. Stjórnun							
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Persónuupplýsingar séu varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum.	Komin er læstur skápur þar sem kennarar geyma öll sín gögn á læstum flakkara í skjalaskáp.	Stjórnendur.	12. janúar 2018.	12. janúar 2018.	Stjórnendur fylgja því eftir að öll persónuleg gögn fari í læstan skjalaskáp.	Allar persónuupplýsingar eru komnar í læstan skjalaskáp. Markmiði hefur verið náð.
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Fundargerðir eru aðgengilegar fyrir starfsfólk.	Fundargerðir fara á upplýsingatöflu starfsmanna eftir hvern fund og svo í möppu.	Stjórnendur	Janúar 2018.	Skipulagsdegi haust 2018.	Könnun meðal starfsmanna um hvort þeir lesi og finnist fundargerðir aðgengilegar -haust 2018.	Að 90% starfsmanna lesi og kynni sér fundargerðir eftir hvern fund.
	Gera áætlun um jafnrétti byggða á 23. grein jafnréttislaga.	Áætlun um jafnrétti unnin í samráði við fagfólk. Áætlun sem birtist í starfsmannahandbók Skerjagarðs.	Stjórnendur taka þetta saman.	Febrúar 2018.	Febrúar 2018.	Áætlun tilbúin og komin í starfsmannahandbók. Farið yfir á deildarfundum.	Markmiði hefur verið náð. Jafnréttisáætlun er tilbúin.
	Tilkynningaskylda til barnaverndar/upplýsingaflæði til starfsmanna.	Kynna fyrir starfsmönnum vinnureglur um tilkynningaskyldu til barnaverndar. Setja í starfsmannahandbók.	Stjórnendur/deildarstjórar	12. janúar 2018.	Haut 2018.	Leikskólastjóri kannar hvort starfsmenn þekki vinnureglur um tilkynningarskyldu til barnaverndar í starfsþróunarviðtölum. Deildastjórar fara yfir	Kynning á starfsdegi. Farið yfir niðurstöður og þær metnar á

						verkferilinn með nýju starfsfólki.	starfsdegi haustið 2018.
--	--	--	--	--	--	------------------------------------	--------------------------

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2. Leikskólabragur							
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Fundargerðir foreldraráðs verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.	Setja fundargerðir foreldraráðs á heimasíðu leikskólans og senda þær í tölvupósti til foreldra.	Ritari foreldraráðs.	Febrúar 2018.	Febrúar 2018.	Mat á hverju ári þar sem stjórnendur leikskólans og foreldrafélag meta.	Lokið. Fundargerðir eru sýnilegar á heimasíðu leikskólans.
	Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum séu á heimasíðu leikskólans.	Upplýsingar verði þýddar á ensku. Foreldri í leikskólanum gerir það.	Leikskólastjóri.	Febrúar 2018.	Júlí 2018.	Metið á haustin þar sem faghópur metur hvort það séu upplýsingar sem þarf að bæta við.	Upplýsingar um leikskólann á ensku á heimasíðu.

MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
3. Innra mat							
Skipulag og viðfangsefni	Skólanámskrá-gera betri skil á því hvernig innra starf og markmið leikskólans eru metin.	Fagleg ígrundun á sér stað á fagfundum í júní um hvaða leiðir við ætlum að nota til að meta innra starf skólans. Gerð verður áætlun um framkvæmd og útfærslu. Er í vinnslu eftir niðurstöður ytra mats og í tengslum við gerð nýrrar starfsáætlunar. Skólanámskrá er í endurskoðun þar sem verða settir saman rýnihópar og leshringir.	Faghópur leikskólans.	Vorið 2018.	Haut 2020.	Rýnihópur með fagfólki. Safna gögnum fyrir það sem við ætlum að meta á næsta skólaári. Umræður við starfsfólk hvaða þætti er mikilvægt er að meta.	Leiðir verði skýrari í skólanámskrá um hvernig mat á innra starfi fer fram. Verkefni er í vinnslu, við gerð starfsáætlunar og endurskoðunar á skólanámsskrá Skerjagarðs.